



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands vegna bílastæða hreyfihamlaðra.

Á fundi borgarráðs, dags. 13. júlí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands og send umhverfis- og skipulagsráði til meðferðar með tölvupósti dags. 26. júlí 2023.

Þann 20. mars sl. tilkynnti Reykjavíkurborg að fallið hafi verið frá gjaldtöku af handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihömluð í bílastæðahúsum sem rekin eru á vegum borgarinnar. Hvaða skref hefur Reykjavíkurborg eða Bílastæðasjóður tekið til að gera hreyfihömluðum ljóst að fallið hafi verið frá gjaldtökum? Eins og staðan er núna þurfa handhafar stæðiskorta hreyfihamlaðra að láta vita af komu sinni þegar fara skal inn í bílahúsin, þá er kerfið stillt þannig að viðkomandi komist út án þess að greiða. Borið hefur á því í samtölum borgarfulltrúa við hreyfihamlaða notendur bílastæðahúsa að þessi réttur hafi ekki verið þeim ljós þegar ákvörðunin var tekin um að falla frá gjöldum. Hefur Reykjavíkurborg sent skilaboð/póst til handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, um að viðkomandi sé ekki lengur skylt að borga fyrir notkun stæða í bílahúsum? Ef ekki, hafa einhver skref verið tekin til að gera handhöfum kortanna það ljóst að ekki sé skylt að greiða fyrir þau lengur? Þá er ekki átt við fréttatilkynningu, sem gríðarlega margir munu aldrei sjá eða lesa. Ef ekki, stendur þá til að gera handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða betur ljóst fyrir rétti sínum? Hvenær er áætlað að nýtt kerfi verið sett upp, sem gerir það að verkum að hreyfihamlaðir þurfa ekki lengur að láta vita af komu sinni, svo ekki þurfi að borga?

Fyrirspurninni var á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. ágúst 2023 vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Eins og kom fram í fyrirspurninni þá hefur verið sent út fréttatilkynning þess efnis að hætt sé gjaldtöku hjá handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða í bílahúsum borgarinnar. Ákvörðunin hefur einnig verið kynnt Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks hjá borginni, þar sem m.a. eiga sæti fulltrúar Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálpar og NPA miðstöðvarinnar.

Eins og er eru merkingar upp í bílahúsum bæði við aðgangshlið og á greiðsluvélum. Til stendur að ganga betur frá þeim merkingum og gera þær sýnilegri og auðlesanlegri.

Sýslumenn gefa út stæðiskort fyrir hreyfihamlaða að fengnu læknisvottorði í samræmi við reglugerð nr. 1130/2016. Borgin hefur ekki upplýsingar um útgefin kort og getur því ekki haft samband við handhafa þeirra sérstaklega.



Reykjavíkurborg

Verið er að innleiða nýtt aðgangskerfi í bílahúsunum sem er ekki að fullu innleitt. Á þessari stundu er ekki ljóst hvort eða hvernig hægt sé að samþætta kerfið þannig að handhafar stæðiskorta komist gjaldfrjálst í bílahúsin án þess að gefa sig sérstaklega fram, þar sem að kortin eru ekki rafræn og ekki bundin við bílnúmer heldur handhafa stæðiskortsins.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri